



Minnisblað

Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar

Frá forsætisráðuneytinu

23. nóvember 2023

Efni: Frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands

Í tölvupósti, dags. 17. nóvember 2023, óskar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd eftir nánari sjónarmiðum frá forsætisráðuneytinu varðandi ákveðin atriði sem varða frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands.

Upplýsingaöflun

Í fyrsta lagi er óskað eftir afstöðu ráðuneytisins til þess hvort löggæsla falli undir 7. gr. frumvarpsins um upplýsingaöflun. Í því sambandi má benda á að ákvæðið byggist að hluta til á 7. gr. laga um umboðsmann Alþingis nr. 85/1997. Þá hefur umboðsmaður barna einnig víðtækan rétt til upplýsinga, sbr. 5. gr. laga um umboðsmann barna nr. 83/1994. Gera má ráð fyrir því að 7. gr. frumvarpsins verði túlkuð með sambærilegum hætti og fyrirnefnd ákvæði. Þannig má ætla að Mannréttindastofnun Íslands geti óskað eftir upplýsingum sem varða löggæslu.

Í 7. gr. er skýrt tekið fram að upplýsingaréttur Mannréttindastofnunar Íslands sé ávallt háður því skilyrði að upplýsingarnar séu nauðsynlegar til að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu. Líkt og fram kemur í athugasemdum með umræddu ákvæði ber stofnuninni ávallt að gæta meðalhófs við beitingu heimildarinnar. Þá er gerður sá fyrirvari í ákvæðinu að stofnunin getur ekki krafist upplýsinga sem varða öryggi ríkisins nema með leyfi þess ráðherra sem á í hlut.

Réttindagæslumenn fatlaðs fólks

Í öðru lagi er óskað eftir viðbrögðum ráðuneytisins við ábendingum um að það fyrirkomulag að hafa réttindagæslumenn fatlaðs fólks undir Mannréttindastofnun Íslands falli ekki vel að því stjórnskipulagi sem gildir hér á landi, þ.e. að ráðherrar beri almennt ábyrgð og fari með eftirlit gagnvart stjórnslunni.

Þar sem réttindagæslumenn fatlaðs fólks sinna almennu mannréttindaeftirliti og taka ekki ákvarðanir í einstaka málum er eðlilegt að mati ráðuneytisins að réttindagæslumenn verði hluti af Mannréttindastofnun Íslands. Frá því að lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk voru samþykkt árið 2011 hefur verið stefnt að því að færa réttindagæslumenn fatlaðs fólks undir mannréttindastofnun, sbr. ákvæði til bráðabirgða III. í lögum nr. 88/2011.

Mikilvægt er að gera greinarmun á innra og ytra eftirliti með stjórnslu og störfum stjórnvalda. Mikilvægi bæði innra og ytra eftirlits með réttindum fatlaðs fólks endurspeglast m.a. í 33. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, en í 1. mgr. ákvæðisins er fjallað um innra eftirlit með framkvæmd sáttmálans á meðan 2. mgr. gerir þá kröfu að sjálfstæðum eftirlitsaðila sem uppfyllir Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna sé falið ytra eftirlit

Ráðherrar hafa yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir á sínu sviði en heimildir ráðherra falla undir svokölluð innri málefni stjórnslunnar. Á ráðherra hvílir eftirlitsskylda með lægra settum stjórnvöldum en það eftirlit er svokallað innra eftirlit. Einnig er hægt að fela sjálfstæðum stjórnvöldum eftirlit með sérstakri lagaheimild, en þar sem slíkar stofnanir og stjórnslunefndir eru einnig hluti af framkvæmdarvaldinu er slíkt eftirlit í raun einnig innra eftirlit.

Aðrir handhafar ríkisvalds, dómstólar og Alþingi, hafa mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að ytra eftirliti með störfum framkvæmdarvaldsins. Eftirlitshlutverk er mikilvægur þáttur í starfsemi þjóðþinga og endurspeglast það m.a. í þeim sjálfstæðu eftirlitsstofnunum sem þegar starfa á vegum þingsins þ.e. umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun, sem er ætlað að veita framkvæmdarvaldinu aðhald á ákveðnum sviðum.